

REGLUR

um verðmætismörk vegna útgáfu EUR. 2 eyðublaðs og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA, EBE og EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

Til þess að notið verði tillfrelsis vegna innflutnings á upprunavörum frá EFTA, EBE og Spáni gegn framvísun á EUR. 2 eyðublaði eða innflutnings á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR. 1 eða EUR. 2 skilríkjum, verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í reikningseiningum (RE) og jafngildi gjaldmiðils hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

Land	Mynt	Smábögglar til einkaaðila, 240 RE	Persónulegur farangur ferða- manna, 680 RE	EUR. 2 mörk 3 400 RE	
EFTA:	Austurríki	ATS	4 000	12 000	57 000
og	Finnland	FIM	1 200	3 300	17 000
SPÁNN:	Ísland	ISK	3 300	9 300	47 000
	Noregur	NOK	1 600	4 450	22 000
	Portúgal	PTE	20 000	56 000	280 000
	Spánn	ESP	26 000	75 000	365 000
	Sviss	CHF	500	1 400	6 900
	Svíþjóð	SEK	1 500	4 000	20 000
EBE:	Belgía	BEF	11 000	31 000	155 000
	Bretland	GBP	135	375	1 870
	Danmörk	DKK	2 000	5 600	28 000
	Frakkland	FRF	1 600	4 500	22 600
	Grikkland	GRD	16 000	45 000	227 000
	Holland	NLG	600	1 750	8 750
	Írland	IEP	170	470	12 350
	Ítalía	ITL	318 000	900 000	4 500 000
	Luxemburg	LUF	11 000	31 000	155 000
	Pýskaland	DEM	570	1 600	8 000

Útflýgjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar annan gjaldmiðil geta tolyfivöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 267/1980 og 9. gr. auglýsingar nr. 680/1980 svo og auglýsingar nr. 318/1983 og 319/1983 um breyting á þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 315/1983 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1984.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 320 17. maí 1983, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. málsgrein 12. gr. orðist þannig:

Leyfishafa, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreiðar til mannlutninga gegn gjaldtöku, er heimilt að láta annan mann aka í atvinnuleyfinu meðan það ástand varir. Noti hann sér ekki þessa heimild leggst leyfi hans inn meðan á réttindamissinum stendur og fær leyfishafi atvinnuleyfið aftur jafnskjótt og hann öðlast ökuréttindi sín að nýju.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Patrekshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.